

## Fundargerð 12. fundar ferðamálaráðs

2. október 2007 - kl. 8:15-9:30 í samgönguráðuneytinu

Mættir: Svanhildur Konráðsdóttir (SK), formaður, Einar Karl Haraldsson (EKH), varaformaður, Dagur B. Eggertsson (DBE), Dóra Magnúsdóttir (DM), Gunnar Sigurðsson (GS), Pétur Rafnsson (PR), Sævar Skaptason (SS), Helga Haraldsdóttir (HH) áheyrnarfulltrúi og Ingilín Kristmannsdóttir (IK), ritaði fundargerðina.

### Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Öryggi ferðamanna - Landsbjörg - Sigurður Ó. Sigurðsson
3. Mótvægisáðgerðir ríkisstjórnarinnar á vettvangi ferðaþjónustu
4. Önnur mál

### Gögn lögð fram á fundinum:

1. Dagskrá 12. fundar ferðamálaráðs.
2. Fundargerð 11. fundar ferðamálaráðs.
3. Glærुकyninging Sigurðar Ó. Sigurðssonar aðstoðarskólalastjóra hjá Landbjörg.

### 1. Fundargerð 11. fundar ferðamálaráðs – Samþykkt samhljóða

#### 2. Öryggi ferðamanna

Sigurður Ó. Sigurðsson kynnti tilkynningarþjónustu sem í boði er fyrir ferðamenn. (Glærum og bæklingum dreift á fundinum). Megininntak kynningarinnar var á þá leið að ferlið eins og það er í dag, þar sem ferðamenn skila inn ferðaáætlun í höfuðstöðvum Landbjargar í Skógarhlíð, væri gott og hefði oft komið í veg fyrir að ferðamenn færu illa útbúnir til fjalla. Hins vegar væri verið að endurskoða þjónustuna með það að markmiði að fleiri geti nýtt sér hana, t.d. með því að bjóða hana á Internetinu. Sagði hann þjónustuna lítið kynnta. Stefnt væri að því að kynna hana betur og gera hana aðgengilegri, en til þess vantaði fjármuni og mannskap.

SK benti á að upplýsingamiðstöðvar væru kjörinn vettvangur til að kynna þjónustuna og mikilvægt að fulltrúar miðstöðvanna væru vel upplýstir um þessa þjónustu svo þeir gætu komið upplýsingum áfram til ferðamanna.

GMS sagði líka vel koma til greina að kynningarefni væri um borð í vélum félagsins.

#### 3. Mótvægisáðgerðir ríkisstjórnarinnar á vettvangi ferðaþjónustu

EKH sagði 80 m.kr. vera til reiðu árið 2008 og aftur árið 2009, samtals 160 m.kr. HH, MO og Aðalsteinn Þorsteinsson forstjóri Bygðastofnunar munu gera tillögu til iðnaðarráðherra um aðferðafræði vegna úthlutunar fjárins.

GMS kom því á framfæri að fjármuninum yrði ekki dreift víða þar sem ekki er um háa fjárhæð að ræða.

EKH minnti á að aðilar í ferðaþjónustu þyrftu að vera vakandi varðandi þrjá vaxtarsamninga fyrir Norðausturland, Norðvesturland og Eyjafjarðarsveit.

#### 4. Önnur mál

EKH vakti máls á nýframkomnu frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2008. EKH fór yfir fjármuni til ferðaþjónustunnar. Tímabundnir fjármunir sem komu til vegna hryðjuverkanna 11. september eru nú nánast fallnir út. Eftir standa 30 m.kr., auk fjármuna vegna mótvægisáðgerða. HH benti í þessu samhengi á að á fjárlögum væru einnig framlög vegna 5 menningarsamninga til 3ja ára upp á 50 m.kr.

Ráðsmenn töldu þessa fjármuni hvergi nærri næga og lögðu áherslu á að óregluleg og óskipulögð framlög til markaðssetningar væru ekki til þess fallin að að styrkja ferðaþjónustuna. Þá var bent á að í öðrum löndum leiðir framlag ríkisins markaðsstarf.

Rætt var um að mögulegt væri að fá framlagið hækkað í 2. umræðu um frumvarpið, sagan sýndi að framlagið hefði oft verið hækkað frá upphaflega frumvarpinu.

DBE varpaði fram hugmynd um að setjast að samningaborði fyrir 4 ára rammafjárlög og jafnvel gera ríkisstjórninni tilboð svipað og Samtök upplýsingafyrirtækja gerði stjórnvöldum á Iðnþingi 2005. Og var honum falið að vinna ásamt formanni og varaformanni að mögulegri útfærslu slíkra hugmynda.

SK lagði mikla áherslu á að ferðamálaráð fái að fjalla um fjárlagatillögur áður en þær eru lagðar fram. SK fór þess á leit við fulltrúa samgönguráðuneytisins að tekið verði tillit til þessarar óskar ferðamálaráðs og verklagi innan ráðuneytisins verði breytt í þá veru.

GMS upplýsti ráðsmenn um að Icelandair ætli að minnka vægi Íslands í auglýsingum félagsins. Breyttar áherslur eru til komnar vegna aukinnar samkeppni og héðan í frá muni Icelandair leggja meiri áherslu á félagið sjálft.

Vegna tímaskorts var frumvarp til fjárlaga ekki rætt frekar en stefnt er að frekari umræðu á næsta fundi ráðsins.

Stefnt að fundi þriðjudaginn 6. nóvember nk.

Fundi slitið kl. 9:30.